

# Fréttabréf Heiðarskóla

Maí 2013

Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir



## Skólaslit Heiðarskóla

Fimmtudaginn 6. júní verða skólaslit Heiðarskóla haldin á sal skólans. Foreldrar og forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum.

**Nemendur mæti til skólaslita sem hér segir:**

Kl. 9:00	7., 8. og 9. bekkur
Kl. 10:00	4., 5. og 6. bekkur
Kl. 11:00	1., 2. og 3. bekkur

## Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Heiðarskóla er kl. 13:30 fimmtudaginn 6. júní. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga ánægjulega stund í skólanum þennan síðasta skóladag þeirra í grunnskóla.

**Boðið verður upp á veitingar að loknum skólaslitum.**

## Ný skólastjórn


Miklar breytingar hafa orðið á stjórnendateymi Heiðarskóla á þessu skólaári. Í lok síðasta skólaárs var ljóst að deildarstýrnar Sigurbjörg Róbertsdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir myndu fara í námsleyfi til eins árs. Því voru þau Haraldur Axel Einarsson og Ragnheiður Guðný Ragnarsdóttir ráðin í hlutastöður deildastjóra. Í upphafi árs sagði Gunnar Þór Jónsson starfi sínu sem skólastjóri lausu og í mars var Sóley Halla Þórhallsdóttir, þá aðstoðarskólastjóri, ráðin skólastjóri. Þá var ljóst að fylla þyrfti í skarð aðstoðarskólastjóra og fékk Haraldur Axel það starf. Þar sem þær Sigurbjörg og Bryndís höfðu verið ráðnar skólastjóri og aðstoðarskólastjóri í Akurskóla var ljóst að þær myndu ekki koma tilbaka úr námsleyfi og því voru stöður deildastjóra auglýstar í mars. Bryndís Jóna Magnúsdóttir og Ragnheiður Guðný voru nýverið ráðnar í þær stöður og nýtt stjórnendateymi því orðið fullskipað fyrir næsta skólaár.



## Gunnar skólastjóri kvaddur



Þann 11. apríl var haldin kveðjustund fyrir Gunnar Þór skólastjóra í íþróttasalnum. Þar var honum þakkað fyrir frábær störf, samstarf og vináttu. Sóley Halla, Gylfi Jón fræðslustjóri, Árni Sigfússon bæjarstjóri og fulltrúar foreldrafélagsins sögðu nokkur vel valin orð um Gunnar og gáfu honum gjafir. Nemendur skólans og starfsfólk gerðu slíkt hið sama auk þess sem sungið var fyrir hann og flugeldahvelli framkallaðir með blöðrum. Var þetta virkilega ánægjuleg og hjartnæm stund.





# Árshátíð Heiðarskóla 2013

Árshátíð Heiðarskóla var haldin 20. mars þar sem flestir nemendur skólans komu fram á sviði. Hátíðin var, eins og venja er, þrískipt. Sýnd voru fjölbreytt atriði á árshátíðum yngsta- og miðstigs en leikritið „Í sambandi“ var frumsýnt á unglíngastigi. Að hátíðunum loknum gæddu nemendur, foreldrar og starfsfólk sér á veitingum og nutu samverunnar.



## Unglíngaleikritið „Í sambandi“

Unglíngaleikritið „Í sambandi“ var frumsýnt á árshátíð unglíngastigs en svo voru þrjár almennar sýningar auk þess sem bæði nemendur úr Myllubakka- og Holtaskóla fengu sérstakar skólasýningar. Leikararnir fengu síðan þá hugmynd að hafa styrktarsýningu og ákváðu þeir að láta aðgangseyrinn renna til Krabbameinsfélags Íslands, m.a. vegna þess að tveir kennarar í Heiðarskóla hafa háð hetjulega baráttu við krabbamein í vetur. Þetta verkefni gaf af sér 100.000 krónur og eiga krakkarnir hrós skilið fyrir það góða framtak.

## Bókaskil

Þegar líður að sumarfrí er mikilvægt fyrir okkur í skólanum að fá inn allar bækur í eigu skólans. Þetta á bæði við um bókasafnsbækur og fjölnota kennslubækur sem nemendur hafa fengið afhentar. Á mörgum heimilum leynast bækur sem nemendur hafa fengið lánaðar í gegnum árin. Við viljum biðja foreldra og nemendur að fara yfir bækur og annað skóladót og skila því sem tilheyrir skólanum.





# I-pad innleiðing

Tölvu- og snjalltæknin er orðin allsráðandi þáttur í okkar daglega lífi. Möguleikarnir sem hún býður upp á eru miklir og geta nýst afar vel í skólastarfi. Í Heiðarskóla er hafið þróunarverkefni sem felst í I-pad notkun kennara á unglíngastigi og nemenda í 8. bekk. Notkun þeirra kallar að sjálfsgöðu á aukið læsi nemenda á slík tækni og þá tæknimöguleika sem þau bjóða uppá, sem ætti að skila sér í skynsamlegri notkun almennt.


Notkun spjaldtölva mun breyta skólastarfi töluvert. Með þeim geta nemendur auðveldlega aflað sér upplýsinga og unnið með námsefnið á áhugaverðan og fjölbreyttan hátt. Möguleikar í framsetningu verkefna eru margir og gagnvirkni verkfærisins veitir nemendum endurgjöf á frammistöðu sína jafnóðum. Við viljum að nemendur okkar öðlist færni í að afla sér upplýsinga, meta þær, gagnrýna og vinna úr þeim svo að nám og sköpun eigi sér stað. Þetta á einnig við um notkunarmöguleika kennara en auk þeirra geta spjaldtölvur auðveldað þeim vinnu við einstaklingsmiðað nám. Þeir geta aðlagð framsetningu námsefnis t.d. með því að stækka letur, breyta því og eiga við bakgrunn námsefnis en slíkt getur haft góð áhrif á nemendur. Hægt er að gera alla framsetningu námsefnis skemmtilegri og fjölbreyttari sem skilar sér vonandi í áhugasamari og ánægðari nemendum.

Nemendur í 8. bekk hafa nú þegar fengið spjaldtövlurnar afhentar og hefur undanförunum vikum verið varið í það að setja upp þráðlaust net í ákveðnar stofur og tengja það við tölvurnar. Nemendur skila tölvunum svo inn fyrir sumarið og á næsta skólaárið er stefnt á að fara af stað með krafti í spjaldtölvuvinnu.



## Aðeins einn fundargestur á aðalfundi foreldrafélagsins

Aðalfundur foreldrafélags Heiðarskóla var haldinn þriðjudaginn 14. maí. Þar var farið yfir hefðbundin aðalfundaratriði og önnur mál en þátttaka fundarasta var lítil sem engin. Aðeins einn fundargestur sat fundinn en það var Sóley Halla skólastjóri. Meðlimir stjórnar foreldrafélagsins voru að vonum vonsviknir með þátttökuna en geta ekki annað en vonast til þess að áhugi foreldra Heiðarskóla fyrir aðalfundi næsta árs verði meiri.




## Sumarlestur

Nú stýttist óðum í sumarfrí og nemendur Heiðarskóla orðnir spenntir fyrir því sem sumarið hefur upp á að bjóða. Þeir hafa verið duglegir að lesa í vetur og margir hverjir bætt lestrarhraða sinn og - skilning heilmikið. Lestur krefst þjálfunar og því gerist það oft að nemendum fer aftur í lestri yfir sumartímann þegar bókunum er ýtt til hliðar. Mikilvægt er því að halda sér í æfingu og lesa reglulega í sumarfríinu. Brátt opnar Bókasafn Reykjanesbæjar á Tjarnagötu og þá er ekki úr vegi að skoða ný húsakynni og hafa vel valdar bækur með sér heim. Það er heldur ekki ólíklegt að góðar bækur leynist í bókahillunum heima.

# Myndir úr skólastarfinu

Almennur hluti nýrrar aðalnámskrár grunnskóla var gefin út árið 2011 og á þessu ári kom greinasviðshluti hennar út. Undanfarnir misseri hafa kennarar og starfsfólk Heiðarskóla unnið að innleiðingu nýrrar námskrár og nú síðast lögðust þeir yfir tvo af grunnþáttum skólastarfs, sköpun og læsi. Hér eru dæmi um skapandi verkefni nemenda sem unnin hafa verið á vormánuðum. Á myndunum má m.a. sjá hugtakakort sem nokkrir kennarar og starfsfólk unnu um grunnþáttinn sköpun, Goðaheima 5. bekkinga, danskar dúkkulísur og fótboltaþemaverkefni í stærðfræði 7. bekkinga, plánetuóróa 6. bekkinga og verk unnin í smíði og myndmennt.





## Heiðarsel og Garðasel taka þátt í Gryfjuverkefninu

Árið 2011 fékk Heiðarskóli styrk úr Manngildissjóði Reykjanesbæjar fyrir verkefnið „Lærum og leikum úti í náttúrunni“. Það miðar að því að „Gryfjan“, sem er manngert svæði við Heiðarberg, verði nýtt af Heiðarskóla til náms og leikja. Þar hafa nú verið settar niður trjáplöntur og á dögnum fóru nokkrir nemendahópar þangað á umhverfisdegi til þess að týna rusl. Gryfjuteymið í skólanum hefur leitað til sérfræðinga um ráðgjöf og hugmyndir og verður spennandi að sjá hvað kemur út úr því samstarfi. Nýverið slógust leikskólarnir Heiðarsel og Garðasel í lið með okkur og vilja taka þátt í uppbyggingu og nýtingu svæðisins.



Nemendur 3.SG virða fyrir sér Gryfjuna

## Héldu „Ball fyrir BUGL“ og söfnuðu 640.000 kr!

Vinkonurnar Azra Crnaz, Guðbjörg Ósk Ellertsdóttir og Thelma Rún Matthíasdóttir, nemendur í 10. bekk, hafa frá áramótum unnið hörðum höndum að því að skipuleggja og halda tónleika til styrktar BUGL, Barna- og unglingsgeðdeildar Landsspítalans. Hugmyndina fengu þær í upphafi árs og fylltust þær löngun til þess að láta gott af sér leiða og gera það í þágu málefnis sem nýtist börnum og unglingsum. Tónleikarnir voru haldnir þriðjudaginn 30. apríl í Stapa fyrir unglingsa á aldrinum 14-16 ára og fóru þeir mjög vel fram. Tónlistarmennirnir sem gáfu vinnu sína og sáu um að skemmta tónleikagestum voru m.a. Haffi Haff, Friðrik Dór, DJ Óli Geir og Kristmundur Axel. Þann 23. maí afhentu þær stóllur fulltrúum BUGL ávísun upp á rúmar 640.000 krónur á sal skólans.

### Hvers vegna völduð þið að styrkja BUGL?

„Okkur fannst þessi stofnun skipta okkur unga fólkið gríðarlega miklu máli. Við vitum aldrei hvenær við gætum þurft á faglegri aðstoð að halda.“

### Hvernig gekk ykkur að fá tónlistarmenn og styrktaraðila til liðs við ykkur?

„Það gekk ágætlega. Nokkrir tónlistarmenn gátu þó því miður ekki séð sér fært um að svara tölvupóstunum okkar. Við fundum þó meira fyrir því þegar við leituðum eftir styrkjum með tölvupóstum. Af um 100 fyrirtækjum voru innan við tíu sem höfðu fyrir því að svara. Þegar nær dró tónleikunum fór boltinn þó að rúlla og við fengum góða styrki, sem hjálpaði mikið. Hafþór og Davíð í Fjörheimum og Óli Geir hjá Agent.is veittu okkur mikla aðstoð og við erum foreldrum okkar ótrúlega þakklátar fyrir heilmikla hjálp við undirbúninginn.“

### Hvernig gengu tónleikarnir?

„Þeir gengu þvívíkt vel og allir skemmtu sér konunglega.“

### Hvaða lærdóm hafið þið dregið af þessu verkefni?

„Við lærðum aðallega hvað það er mikil vinna að skipuleggja svona viðburð en svo lærðum við auðvitað líka hversu mikilvægt það er að hjálpa þeim sem þurfa á hjálp að halda.“

### Hafið þið einhver skilaboð til barna og unglingsa sem langar að fara út í verkefni af þessu tagi?

„Eltið drauminn ykkar og gefist aldrei upp.“  
Við í Heiðarskóla erum að sjálfsögðu afar stolt af þessu kraftmikla framtaki nemenda okkar og óskum þeim innilega til hamingju með verkefnið og afrakstur þess.

